



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/446
komudagur 12. 12. 2008

Nefndasvið Alþingis
Berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11
Reykjavík, 12.12.2008

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts, þingskjal 34 – 34. mál**

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasvið Skjálfandafljóts, þingskjal 34 – 34 mál, lagt fyrir 136. löggjafarþingi 2008 –2009.

- Í skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma frá nóvember 2003 eru virkjanir í Skjálfandafljóti flokkaðar samkvæmt sérstakri aðferðafræði þar sem mat er lagt á umhverfisáhrif, heildarhagnað og arðsemi. Virkjun Skjálfandafljóts með Hrafnabjargarvirkjun (tilhögun a) er metin hafa umhverfisvísitöluna b þar sem a er lægsti flokkur og e sá hæsti.
- Um þessar mundir er unnið að öðrum áfanga rammaáætlunar þar sem markmiðið er að leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafl og háhita, og áhrif þeirra á náttúru- og menningaminjar, orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis.
- Verkefnisstjórn rammaáætlunar skal ljúka störfum fyrir lok árs 2009 og skila skýrslu til iðnaðar- og umhverfisráðherra með heildarmati og flokkun á þeim virkjunarkostum sem teknir voru fyrir í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Niðurstöðurnar munu verða lagðar fyrir Alþingi.
- Það er skoðun Landsvirkjunar að það sé bæði skynsamlegt og eðlilegt að bíða eftir niðurstöðum rammaáætlunar áður en afstaða er tekin til nefndrar þingsályktunartillögu

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

